

Fjárfestatengsl og aukið virði félaga á hlutabréfamarkaði

Umræða um fjárfestatengsl (e. investor relations) hefur aukist nokkuð hér á landi undanfarin misseri en forráðamenn fyrirtækja hafa í auknum mæli gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar upplýsingagjafar til hluthafa og aðila markaðarins. Á sama tíma hefur íslenskt viðskiptalíf tekið miklum stakkaskiptum, sérstaklega með aukinni útrás íslenskra fyrirtækja sem hafa þurft að laga sig að starfsháttum á erlendum mörkuðum og ekki síður þar sem skráð félög lúta í auknum mæli samræmdri alþjóðlegri löggjöf um upplýsingaskyldu. Þetta endurspeglast meðal annars í þeirri staðreynd að skráð félög birta uppgjör sín samkvæmt alþjóðlegum reikningskilavenjum á ensku og íslensku og kynningarfundum er gjarnan varpað á Netinu þar sem tungumálið er enska. Hagsmunaaðilarnir og markhóparnir eru alþjóðlegir og miklu skiptir að allir fái sömu upplýsingar á sama tíma óháð staðsetningu.

Fjárfestatengsl snúast um samskipti og miðlun upplýsinga skráðra félaga til hluthafa, kauphallar, greiningaraðila, fjárfesta, fjölmiðla og annarra markaðsaðila. Góð upplýsingagjöf skiptir miklu máli fyrir fjárfesta, markaðinn og ekki síst tiltrú almennings á honum. Tilgangurinn er að verðmyndandi upplýsingar séu öllum jafn aðgengilegar samtímis þannig að allir sitji við sama borð. Góð upplýsingagjöf stuðlar auk þess að sanngjarnri verðmyndun hlutabréfa.

Samkvæmt leiðbeiningum Kauphallar Íslands eru markmið fjárfestatengsla „að tryggja að öllum markaðsaðilum séu veittar skýrar, gagnsæjar og ítarlegar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin“.

Skýr stefna og framtíðarsýn

Nauðsynlegt er að skráð félög hafi skýra stefnu og framtíðarsýn í fjárfestatengslum. Ársfjórðungsuppgjör geta verið bæði yfir og undir væntingum og þá skiptir máli að allir sem hagsmuna eiga að gæta séu meðvitaðir um stefnu félagsins og sjái heildarmyndina. Hagsmunaaðilum er á hverjum tíma ljóst að ef upplýsingar myndast sem hafa áhrif á afstöðu þeirra til hlutabréfanna verða þær upplýsingar gerðar opinberar eins fljótt og auðið er.

Vönduð fjárfestatengsl byggja upp traust á félaginu til lengri tíma og styrkja ímynd og orðspor félagsins út á við. Mikilvægt er að viðhalda trausti á félaginu svo að því vegni vel í starfsemi sinni.

Fjárfestatengsl geta farið fram með ýmsum hætti. Með lögbundnum tilkynningum til kauphallar um reksturinn (t.d. ársfjórðungsuppgjör, kaup og sala fyrirtækja, mikilvægar skipulags- eða mannabreytingar og aðrar verðmyndandi upplýsingar). Einnig með útgáfu ársskýrslna, fréttatilkynninga, viðhaldi vefsíðna, kynningarfundum, netvarpi o.fl.

Fjárfestatengsl sem hluti af samhæfðum markaðssamskiptum

Árangursrík boðskipti eru nauðsynlegur þáttur í árangursríkri stjórnun. Mikilvægt er að skráð félög hafi skýra framtíðarsýn og komi á framfæri réttum upplýsingum til allra hagsmunaaðila með fyrirfram skilgreindri samskiptaáætlun. Þannig munu allir aðilar sem tengjast félaginu fá sömu möguleika til að greina hvert félagið stefnir og hvernig það ætlar að ná markmiðum sínum.

Upplýsingastreymi frá skráðu félagi skal vera framsett þannig að allir sitji við sama borð en eðli máls samkvæmt geta áherslurnar verið ólíkar eftir því hvaða hagsmunaaðilar eiga í hlut. Því er mikilvægt að skilgreina hagsmunaaðila og ávarpa

hvern hóp sérstaklega til að stefnan sé skýr. Samruni fyrirtækja er gott dæmi. Eins og nærri má geta hafa starfsmenn mestan áhuga á að vita um stöðu sína og framtíðarhorfur en hluthafar hafa meiri áhuga á virðisaukanum sem falist getur í slíkum viðskiptum.

Stuðningur yfirstjórnar nauðsynlegur

Stuðningur yfirstjórnar félaganna er nauðsynlegur til að fjárfestatengsl verði jafnöflugt verkfæri og efni standa til og nái settum markmiðum. Reynsla í nágrannalöndum okkar sýnir að þau félög sem sinna þessum þætti starfseminnar vel njóta virðingar og trausts á markaði.

Forstjórar og fjármálastjórar eru að jafnaði aðaltalsmenn skráðra félaga. Til að fjárfestatengsl gangi vel fyrir sig er algeng viðmiðun að yfirstjórn helgi um 10% af tíma sínum í þennan þátt starfseminnar. Þetta þykir mikill tími þegar horft er til anna yfirstjórnenda en er engu síður nauðsynlegur.

Koma stefnu og gildum á framfæri

Fyrir skömmu gerði National Investor Relations Institute¹ könnun meðal forstöðumanna í fjárfestatengslum. Um 66% aðspurðra sögðu ábyrgð sína vera að aukast jafnt og þétt þannig að starfssvið fjárfestatengla virðist vera að breikka. Einnig kom fram að 95% félaga eru reglulega með netvarp af kynningarfundum en að þeirra sögn er Netið eitt öflugasta verkfærið á sviði fjárfestatengsla.

Eitt af meginverkefnum þeirra sem starfa við upplýsingagjöf félaga er að koma stefnu og gildum félagsins á framfæri. Virðast fjárfestatenglar því riðla að einhverju leyti hefðbundnu skipulagi í félögum þar sem undir starfssvið þeirra heyrar orðið fjölmargir þættir í starfsemi félagsins.

Mismunandi fjárfestar

Fjárfestar eru mjög mismunandi þegar litið er til markmiða þeirra og stefnu. Mikilvægt er fyrir skráð félag í kauphöll að hafa áhrif á samsetningu hluthafahópsins með það að markmiði að ná til hluthafa sem skilja rekstur félagsins og hafa langtímafjárfestingamarkmið að leiðarljósi. Stefnumótun á þessu sviði er ekki ólík almennri markaðssetningu þar sem ákveðinn markhópur verður fyrir valinu og forráðamenn félagsins beina skilaboðum sínum til þess hóps. Sumir fjárfestar henta einfaldlega ekki sumum félögum. Félag getur þannig sett sér markmið um að laða að þá fjárfesta sem falla að markmiðum félagsins. Félagið vill jafnvægi í hluthafahópnum svo það hafi nauðsynlegan bakhjarl en myndi um leið virðisauka fyrir hluthafana.

Virði félags aukið með fjárfestatengslum?

Fjárfestatengsl eru gagnvirkir ferli. Gefa verður markaðsaðilum skýra mynd af rekstri félagsins og framtíðarhorfum og fylgjast síðan með viðbrögðum þeirra í hvers kyns umfjöllun, í samtölum eða með könnunum. Mikilvægt er að byggja upp gott samband við helstu áhrifahópa á markaðnum og því verður að nota viðbrögð markaðsaðila við ætlanagerð og hvernig stefnu félagsins verður best komið á framfæri.

Lykillinn að árangursríkum fjárfestatengslum er að vita með hvaða boðleiðum hluthafar og aðrir markaðsaðilar vilja fá upplýsingar. Ef fjárfestatengsl skila tilætluðum árangri ætti að vera hægt að merkja það í skilvirkari verðlagningu félagsins, viðskiptamagni, meiri seljanleika, betra aðgengi félagsins að fjármagni og

¹ <http://www.nirri.com>

sterkari fjárfestahóp. Öll viðskipti ganga í meginatriðum út á mannleg samskipti. Því meira traust sem ríkir milli marðaðsaðila og félags því betur mun félaginu vegna.

Greinarhöfundur: Áslaug Pálsdóttir, framkvæmdastjóri AP almannatengsla, www.appr.is, og stjórnarmaður í Félagi um fjárfestatengsl.

¹ www.niri.org